



Skýrsla um erlent samstarf árið 2023

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Dagný Hulda Valbergsdóttir tók saman

ásamt Völu Húnboga

1. Almennt um erlent samstarf

Verkmenntaskólinn á Akureyri leitast við að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í þeim tilgangi að læra af öðrum og miðla þekkingu og reynslu. Skólinn leggur því áherslu á að veita nemendum og starfsfólki tækifæri til að kynnast námi og starfi erlendis - og með því mögulega leggja grunninn að frekara samstarfi eða námi síðar. Á þeim vettvangi standa skólanum til boða ýmsir kostir sem grundvallaðir eru með styrkjum úr Erasmus plus og Nordplus áætlunum, auk þess sem Uppbyggingsarsjóður EES rekur eitt verkefnið. Þá fær skólinn heimsóknir á hverju ári frá erlendum, skólum og stofnunum og eru slíkar heimsóknir oft nýttar til að styrkja erlent tengslanet skólans. Í skólanum er starfandi verkefnastjóri sem heldur utan um erlend samskipti. Hann bendir starfsfólki og nemendum á þá kosti sem gætu hentað hverju sinni, aðstoðar við að fylla út umsóknir og vinna samninga, og miðlar verkefnum eftir því sem hentar. Þá aðstoðar hann nemendum og kennara erlendis frá við að koma sér fyrir í starfsnámi á Akureyri, sé þess óskað. Í júní 2023 fór starfandi verkefnastjóri, Dagný Hulda Valbergsdóttir, í fæðingarorlof. Í ágúst 2023 tók Valgerður "Vala" Húnboga við tímabundið, eða fram til júní 2024. Aðstaða verkefnastjóra er á bókasafni skólans, og er staðan 25% af starfshlutfalli á móti 75% starfi bókavarðar.

Erlend samskipti gengu almennt vel fyrir sig. Á árinu 2023 var VMA þátttakandi í 11 erlendum verkefnum; 7 sem styrkt eru af Erasmus+, 3 sem styrkt eru af Nordplus og 1 sem fjármagnað er af uppbyggingsarsjóði EES.

2. Verkefni fjármögnuð af Erasmus

VMA hefur mjög langa reynslu af samstarfsverkefnum Erasmus+. Árið 2023 eru verkefnin þríbætt, 4 svokölluð samstarfsverkefni, 14 "afgangs" mobility einstaklingsstyrkir sem varð að klára eftir covid-19 faraldur. Þá fékk VMA aðgang að nýju Erasmus+ aðildinni sem gildir í 7 ár frá og með júní 2023. VMA hefur tvær aðildir, bæði fyrir SCH (bóknáms) og VET (verknáms) hluta skólans.



2.1.

Samstarfsverkefni

Samstarfsverkefni Erasmus sem VMA tók þátt í 2023 eru fjögur. Elecoteam, Appreunance, DigitalVET4all og VET4Change. Elecoteam er nemendaverkefni á rafiðn, en DigitalVET4all er kennaraverkefni á rafiðn. Appreunance og VET4change eru kennaraverkefni á ábyrgð Jóhannesar Árnasonar efnafræðikennara.

2.1.1. Elecoteam

<https://elecoteam.eu/>

Þetta umfangsmikla Evrópuverkefni í rafiðngreinum hófst í lok árs 2021. Þá hittust fulltrúar þáttökuskólanna í Slóveníu, en í mars 2022 var fyrsti fundur með nemendum í Istanbul í Tyrklandi. Verkmenntaskólinn á Akureyri tók á móti fulltrúum hinna skólanna í maí 2022. Þá hafa skólnir einnig hist á Kanaríeyjum, í Hollandi og Ungverjalandi. Síðasti fundur verkefnisins var haldinn í október 2023 í Celje í Slóveníu. Í Elecoteam verkefninu glíma nemendur og kennrarar við hinum ýmsu úrlausnir í rafiðngreinum og í því sambandi er ekki síst horft til umhverfismála. Í þessu verkefni hefur safnast mikil þekking og reynsla á einn stað og á það jafnt við um kennara og nemendum þáttökuskólanna. Skapast hafa mjög góð tengsl innan skólans sem við aðra þáttökuskóla, og ómetanlegt hefur verið að fá tækifæri til að kynnast ólíkum skólum og áherslum þeirra í kennslu og skólastarfi.

VMA hefur stýrt þessu verkefni sem hófst í lok árs 2021 og lauk árið 2023. Í desember 2023 skiliuðu Valgerður Húnbogadóttir og Jóhannes lokaskýrslu. Undir lok verkefnis var Elecoteam valið

fyrirmynnarverkefni Erasmus+, og mættu hingað tökulið og tóku viðtal við Hauk og nemendur úr verkefninu sem sýnt var á ráðstefnu í Húsi Vigdísar 7.júní. [VMA - Verum græn með Erasmus+ \(youtube.com\)](#)



Samstarfið gekk ljómandi vel og vonir eru til að sömu aðilar hefji samstarf seinna. Sótt hefur verið tvisvar um verkefni með aðilum úr sama hópi, þar sem Hollensku og Slóvensku samstarfsaðilar höfðu hugsað sér að taka við verkefnastjórn, en þau verkefni fengust ekki styrkt.

2.1.1.A

LT4	-	Búdapest,	Ungverjaland.
27.	feb	-	3. mars 2023
Pórhallur Tómas Buchholz og Óskar Ingi Sigurðsson + 4 nemendur			

Á fundinn mættu í kringum 45 kennrarar og nemendur frá öðrum þáttökulöndum, Hollandi, Slóveníu, Kanaríeyjum, Tyrklandi, Íslandi og Ungverjalandi. Unnu nemendurnir saman að verkefnum er tengjast umhverfisvænni orku. Ferðin gekk vel en skólinn í Búdapest er aðeins öðruvísi en við erum vön. Hér má nálgast ítarefni um verkefni og dvöolina í Ungverjalandi [Work Meeting in Budapest - Electro ECO Team .](#)

[Í mörg horn að líta í Evrópuverkefnum á önninni | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](#)

Umfjöllun um að landsskrifstofa Erasmus gerir myndband um Elecoteam: [Evrópuverkefni vekur athygli | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](#)

2.1.1.B

Ein vika í maí

LTT5 - Limburg, Holland

Tveir kennarar af rafiðnbraut, Magni Magnússon og Friðrik Óli ásamt fjórum nemendum, fóru í vinnuviku til Hollands. Auk Verkmenntaskólans tóku þátt skólar frá Celje, Hollandi, Kanaríeyrjum, Tyrklandi og Ungverjalandi.

2.1.1.C

Ein vika í október

LTT6 – Celje, Slóvenía

Í byrjun október fóru tveir kennarar af rafiðnbraut, Guðmundur Geirsson og Ari Baldursson ásamt fjórum nemendum, Jóhanni Tuma Jóhannssyni, Kristjáni Erni Haukssyni, Torfa Jóhanni Sveinssyni og Ævari Ottó Arnarssyni, í Erasmus+ verkefninu ElecoTeam til Celje í Slóveníu. Sem fyrr voru aðrir þátttakendur frá skólaum frá Slóveníu, Hollandi, Kanaríeyrjum, Tyrklandi og Ungverjalandi. Fréttir um ferðina: <https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/nemendur-og-kennarar-af-rafidnbraut-i-evropuverkefni-i-sloveniu>

2.1.2. ApprEUnance

2021-1-FR01-KA220-VET-000025888

Verkefnið ApprEUnance fjallar aðallega um það við hvaða aðstæður nám fer fram. Við lærum ekki öll eins, er verið að hjálpa nemendum við að átta sig á því hvernig þau læra og hvaða aðstæður henta þeim best. Unnið er með hugtök eins og „learnance“ sem hefur verið þýtt á íslensku sem lærdómsstaður eða lærdómsaðstæður. Árið 2023 lauk verkefninu með fundi í Slóveníu.

2.1.2.A

Vinnustofa

5. - 12.mars 2023

Sligo, Írland

Hrafnhildur Sigurgeirs dóttir, Daníel Freyr Jónsson og Dagbjört Agnarsdóttir tóku þátt í vinnustofu í ApprEUnance samstarfinu í Sligo, Írland. Á vinnustofuna mættu einnig fulltrúar frá Portúgal, Slóveníu, Írlandi, Belgíu og Frakklandi. Í heimsókninni heimsóttu þátttakendur nokkra skóla og stofnanir með sérhæfingu í verknámi þar sem unnið er til skiptis á vinnustað og í skóla í samræmi við kerfið á Írlandi. Nemendur fá tækifæri til náms á öllum stigum iðnnámsins sem þeir hyggast gera að sínu í framtíðinni og vinna úti á vinnustað á sama tíma.

Verkefninu er stýrt af Maison Familial Rurale (MFR) í Frakklandi sem er einskonar yfirstjórn og samhæfingarstofnun fyrir víðtækt net lítila verknámssskóla í dreifþýli í Frakklandi sem reknir eru í samstarfi við fjölskyldur á hverju svæði fyrir sig.

Frétt um ferðina: [ApprEUnance í Sligo | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/appreunance-til-sligo-verkefni-til-orleans-i-frakklandi-vma-is)

2.1.2.B

9. - 15. Apríl

Orleans, Frakkland

Jóhannes Árnason fór í tengslum við verkefni ApprEUnance til Orleans í Frakklandi. Þar er skóli sem MFR kerfið í Frakklandi rekur til að mennta kennara í starfsnámi. Jóhannes tók þátt í

ráðstefnu/námskeiði um notkun á upplýsingatækni í starfsnámi, þar voru ýmis innlegg um slíkt og Jóhannes kynnti líka starf VMA á þessu sviði, meðal annars fjarnáminu sem VMA hefur boðið upp á lengi. Meðfram ráðstefnunni voru fundir um verkefnið ApprEUnance. Upphaflega stóð til að Hrafnhildur Sigurgeirs dóttir færi með í ferðina, en vegna gjaldþrota NiceAir með tilheyrandi niðurfellingu á flugi og stórvaegri breytingu á ferðaplönum, komst hún ekki með.

2.1.2.C

3.-8.júní,
Liege, Belgía

Dagbjört Agnarsdóttir, Daníel Freyr Jónsson og Hrafnhildur Sigurgeirs dóttir fóru á vinnufund í ApprEUnance verkefninu til Liege í Belgíu. Á fundinum var unnið að skrifum eins kafla fyrir lokaskýrslu verkefnisins sem skilað var í lok árs 2023. Þau unnu aðallega í hópavinnu með fulltrúum verkefnisins frá Írlandi og Slóveníu. Hópnum þeirra var gert að skrifa um Peer to peer learning í lokaskýrsluna.

[Ræddu samstarf skóla og vinnustaða í ApprEUnance Evrópuverkefni | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](#)

2.1.2.D

6.-7. Nóvember
Ljubljana, Slóvenía

Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari og Jóhannes Árnason kennari sóttu lokafund í Ljubljana í Slóveníu.

[Lokafundur ApprEUnances í Ljubljana í Slóveníu | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](#)

2.1.3. DigitalVET4all

2021-1-FI01-KA220-VET-000025516

Verkefnið miðar að því að skapa rafrænan vettvang fyrir verknámskennara í Evrópu til að deila upplýsingum um kennsluaðferðir sem byggja á upplýsingatækni og sýndarveruleika. Markmiðið er að nýta vettvanginn til að prófa sig áfram með nýstárlagar stafrænar lausnir í verknámi og deila reynslu sín á milli. Afurð verkefnisins á að vera rafræn verkfærakista fyrir verknámskennara til að deila og nálgast blandaðar kennsluaðferðir - auk þess sem það á að einfalda skólum að kynnast og senda nemendur á milli í nám og þjálfun. Danmar í Póllandí hanna heimasiðuna/hugbúnaðinn. Verkefninu er stýrt af Omnia í Finnlandi en aðrir samstarfsaðilar í verkefninu eru; Vamia í Finnlandi, Danmar Computers í Póllandí, ATEC í Portúgal, Samiedu Finnlandi, RBZ am Schützenpark, SŠGT Slóveníu, KAK í Eistlandi og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Tveir kennrarar af rafdeild VMA taka þátt í verkefninu fyrir hönd skólans; Haukur og Magni, ásamt því að Dagný sé um pappírsvinnu fram að fæðingarorlofi. Desember 2021 hafði upphafsfundur verkefnis verið haldinn bæði rafrænn og í persónu en lokafundur haldinn í Eistlandi í lok árs 2023.

2.1.3.A

6. - 10. Mars 2023
Kiel, Þýskaland
Work meeting 2/3
Haukur Eiríksson og Magni Rúnar Magnússon af rafinu.

Vinnufundur haldinn í Kiel fyrir DigitalVET4all. Farið yfir stöðu verkefnis, það sem vantaði upp á og hvað þarf að klára.

2.1.3.B

Work meeting 3/3

Haukur og Magni fóru til Eistlands haustið 2023 í eina viku. Fundurinn gekk ágætlega, ekki höfðu allir þátttakendur skilað sínu, heimasíðan sem átti að verða lokaafurð var ekki komin upp þó efnið í hana væri tilbúið og gekk verkefnið svoltíð brösuglega. Í október 2023 lauk verkefninu og þar með okkar samstarfi með þessum samstarfsaðilum.

2.1.4. VET4Change

8.-12.maí 2023.

Heimsókn til VMA.

Skipuleggjandi: Jóhannes Árnason

Vet4Change. 27 kennrar/starfsmenn menntabattería frá Frakklandi, Belgíu, Rúmeníu, Eistlandi, Slóveníu og Króatíu.

Vinnustofa í VMA í VET4Change Evrópuverkefninu | Verkmenntaskólinn á Akureyri

Endaði með flottri vinnustofu í C-04 þar sem mörgum utan veggja skólans var boðið, meðal annars fólkis úr pólitík var boðið að vera með og nokkur mættu. Vinnustofur þar sem lokaniðurstaða verkefnisins var ekki aðal málíð heldur æfing í samskiptum. Gekk mjög vel og skemmtilegt uppbrot.

2.2. Nám og þjálfun verkefni (afgangs mobility frá covid-árum)

2020-1-IS01-KA102-065735

Þessa styrki var sótt um fyrir árið 2019 og 2020, áður en covid-faraldurinn reið yfir heiminn. Tilgangur styrkjanna var að senda útskriftarnemendur á hársnyrtiiðn í hópferð á námskeið í Malaga á Spáni, matreiðslu-, þjóna-, og sjúkraliðanema til Norðurlanda í starfsnám. Starfsfólk átti að senda til norðurlanda í starfsspeglanir tengda þessum ferðum. Þessir styrkir lágu lengi í dvala vegna ferðatakmarkanna vegna Covid-19 en með framleiningu tókst að nota styrkina með smávægilegri breytingu. Þeir fjórtán styrkir sem eftir voru voru notaðir voru á vorönn 2023.

2.2. A.

5. - 29.janúar 2023.

2 sjúkraliðanemendur á öðru ári héldu til Randers í Danmörku í gegnum samstarf okkar við SOSU Randers skólann þar í bæ. Í 3 vikur bjuggu þær á Tadium heimavist og störfuðu á öldrunarheimili annars vegar og í heimabjónustu aldraðra hins vegar. Starfsnámið gekk ljómandi vel og þær komu heim með nýja reynslu í farteskinu.

<https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/enginn-titill-130>

<https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/skemmtileg-upplifun>

2.2.B

5.- 18. Febrúar 2023

2 kennrar, 9 nemendur.

Útskriftarhópur af hárinu hélt utan til Malaga á Spáni til að heimsækja Grupo Nebro og El Palo – og kynnast meðal annars umhverfisvænni háriðn. Ferðin gekk vel, enda er þetta í þriðja skipti sem farið er með útskriftarhópur á námskeið á þessum stöðum.

Fréttir um málið:

<https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/i-morg-horn-ad-lita-i-evropuverkefnum-a-onninni>

<https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/nemendur-i-harsnyrtiidn-i-malaga>

2.2.C

30.mars – 7.maí 2023

Elís Þór, þjónanemi á öðru ári fór til Frakklands að vinna á fjölskylduveitingastað í fimm vikur. Tengslin urðu óvænt til eftir starfsspeglunarheimsókn franskra bókmenntakennara sem komu í VMA í september 2022. Hann bjó heima hjá einum kennara utan við Roulliac, lítið þorp við Cognac í Frakklandi, og vann á veitingastað þar sem sonur þeirra (og túlkurinn í ferðinni) hafði tengsl við. Gekk almennt mjög vel og hafa bæði veitingastaðurinn og fjölskyldan sýnt áhuga að taka annan nema að sér.

Fréttir um málið:

<https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/i-hjarta-koniaksframleidslu-frakka>

Grein birtist á Akureyrmálinum kaffinu: <https://www.kaffid.is/i-hjarta-koniaksframleidslu-frakka/>

<https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/184-brautskradust-fra-vma>

2.3. Aðildarverkefni, nám og þjálfun (VET) og skólahluti (SCH).

Árið 2023 hlaust VMA í fyrsta skipti hin svokallaða Erasmus+ aðild, sem er eins og uppfærð útgáfa af gömlu Erasmus mobility verkefnunum. Aðildin býður upp á mörg tækifæri fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendur á verknámsbrautum geta farið erlendis í starfsnám eða í skólaheimsóknir. Starfsmenn geta farið í starfsspeglanir, ráðstefnur, námskeið, kennaraskipti og eitthvað fleira. Nemendur á bóknámsbrautum hafa einhver tækifæri á svokölluðu group-mobility, sem VMA hefur ekki enn nýtt sér ennþá. Aðildin gildir í sjö ár, í febrúar hvert ár er send inn áætlun fyrir næsta skólaá um ferðir sem falla innan regla aðildar og fylgja gildum Erasmus+. VMA hefur nú aðgang að aðild bæði VET (verknámsmegin) og SCH (bóknámsmegin), svo allir starfsmenn skólans ættu að geta nýtt sér þetta sem er ánægjulegt.

2.3.B

14. ágúst - 2. desember, VET-Starfsnám í Svíþjóð

Kormákur Rögnvaldsson fór til Stokkhólms í þriggja og hálfス mánaðarlangt starfsnám á hárgreiðslustofu sem er staðsett í miðbæ Stokkhólms. Þar starfaði hann ásamt sjö hársnyrtum og einum afgreiðslustarfsmanni. Hann starfaði á stofunni að jafnaði í sjö tíma á dag eða 35 vinnustundir á viku. Hann var með einn kúnna á dag og aðstoðaði svo aðra starfsmenn við þeirra störf. Kormákur fékk starfsnámið metið inn í sína ferilbók sem hann þarf að hafa lokið áður en hann tekur sveinsprófið í hársnyrtiðn.

Frétt: <https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/a-erasmus-styrk-i-starfsnami-a-harsnyrtistofu-i-stokkholmi>

2.3.C

Jóhanna, Annette og Anna María fóru í heimsókn til Hollands í september.

Þrír kennarar heimsóttu fimm menntastofnanir á mismunandi menntastigum í norður Hollandi sem sameignilega ná yfir námið sem Verkmenntaskólinn býður upp á. Ferðin stóð yfir í eina viku, fimm vinnudaga. Í ferðinni sannfærðust kennararnir enn frekar um mikilvægi þess að stórauka íslenskukennslu fyrir erlenda nemendur. Fjöldi erlendra nema sem ekki hafa kunnáttu í íslensku hefur vaxið við Verkmenntaskólann. Þar af leiðandi er skólinn að endurmetsa stefnu sína þegar kemur að móttöku þessa hóp með inngildingu að leiðarljósi.

Frétt: <https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/enginn-titill-140>

3. Verkefni fjármögnuð af NordPlus

Almanaksárið 2023 tóku alls sjö starfsmenn VMA þátt í þremur verkefnum styrktum af Nordplus. Alls voru farnar fjórar ferðir á vegum Nordplus 2023.



3.1. FING

16. - 22. Apríl

Stavanger, Noregur.

Hilmar Friðjónsson og Árni Hrólfur fóru á drónanámskeið í Stavanger. Komu heim með réttindi á einhverskonar dróna. Tekin var ákvörðun um að kaupa dróna til notkunar fyrir starfsfólk (með réttindi) eftir þetta – enda eru drónatökur nauðsynlegar amk. árlega fyrir skólann og hann fljótur að borga sig upp.

3.2. Nordic Green Shift in Education

NPAD-2023/10170

Hanna Þórey Guðmundsdóttir og Sævar Páll Stefánsson fóru til Amsterdam 14. Til 15. september til að sækja fund hjá Nordplusverkefninu „Nordic Green Shift in Education“. Hópurinn samanstendur af 4 skólum, Vinnuháskulin í Færeyjum, Fagskolen í Rogaland, KRI í Grænlandi ásamt VMA. Samstarf þessara fjögurra skóla á sér langa og farsæla sögu en að þessu sinni er tilgangur verkefnisins að gera handbók fyrir verkgreinakennara sem þar sem áhersla er lögð á að innleiða umhverfisvænni leiðir í kennslu og huga enn betur að sjálfbærni t.d. í vélstjórn.

3.3. KlimaAngst – Nordisk vennskap for å møte unges klimaangst - et nordisk språkprosjekt.

Verkefnið snýst um loftslagsmál, með áherslu á loftslagskvíða og hvernig við getum notað hann til góðra verka. Ætlunin er að vinna með nemendum að þessum málum svo þau átti sig á áhrifum mannsins á náttúruna og hvernig loftslagsmál hafa áhrif á þeirra nærumhverfi. Þetta verður gert með fyrirlestrum, vinnustofum, skoðunarferðum o.fl., auk þess sem ætlunin er að kynna fyrir nemendum hvernig rithöfundar, listamenn, fjölmöðlar, vísindi o.s.fr. lýsa áhyggjum af stöðu loftslagsmála í heiminum. Þeir fá að koma á frammæri hugmyndum sínum í gegnum tungumál, skapandi verkefni o.fl. Nemendur fá einnig tækifæri til þess að deila reynslu sinni og kynnast reynslu annarra þjóða.

Ætlunin er að kennarar landanna heimsækja hvern annan á þriggja ára tímabili, deila reynslu sinni og nemenda sinna með gestgjöfum. Hjá okkur í VMA er ætlunin að nýta verkefnið í kennslu í dönsku og íslensku.

Þáttökuskólar í KlimaAngst auk VMA eru:

Svíþjóð/Stokkhólmur:

Kungstensgymnasiet (Kungsten upper secondary school (SE SE- KSG)

Kungstensgatan 45

Webpage: <https://www.folkuniversitetet.se/vara-skolor/gymnasieskolor/kungstensgymnasiet/>

Danmörk/Borgundarhólmur:

Dk-Campus Bornholm (DK-CABH)

Noregur/Drøbak

Frogner videregående skole - NO - Frogner Upper Secondary School (NO-Frogner vgs)

Færeyjar

FO-Miðnám á Kambsdali (FO) - Kambsdal College

Webpage: <https://kambsdalur.fo/>

3.3. A – Annette til Svíþjóðar

Stockholm 20.-23. Mars 2023

Kungsten Gymnasium

Annette, 2 kennarar frá Færeyjum, 2 frá Noregi, 2 frá Danmörku. Skoðuðu skólann sem er menntaskóli á daginn og endurmenntunarskóli á kvöldin (lýðháskóli). Annette var með kynningu og verkefni sem tengdust verkefni sem nemendur höfðu unnið í DANS2LN05 í tengslum við „klimaangst“ og „klimapolitik“.

Nordplus vinnufundur ásamt heimsóknum á söfn.

3.3. B - Snorri til Færeyja

Kambsdalur í Miðdal, Færeyjar

10. - 17.nóvember 2023

Snorri Björnsson fór til Færeyja. KlimaAngst teymið var að störfum í skóla sem heitir Miðnám á Kambsdali & Klaksvíkar. Vikan fór í kynningu á skólanum auk kennslu. Þau heimsóttu nemendur í NGK (Nordatlantiske Gymnasieklasser) en þær eru nemendur frá Grænlandi, Íslandi, Danmörku og Færeyjum. Þá voru farnar skoðanaferðir um hentug söfn og stofnanir.

4. Annað um erlent samstarf

4.1. Móttaka kennara frá erlendum skólum

Reglulega koma hingað kennrarar og annað starfsfólk frá erlendum skólum til að kynna sér VMA og okkar nærumhverfi. Margir hópar fara í gegnum verkefnastjóra erlendra verkefna en aðrir í gegnum stjórnendur eða einstaka kennara. Það fyrirkomulag hefur gengið vel. Hér eru upplýsingar um þær heimsóknir sem ritari þessarar skýrslu hefur undir höndum.

4.1.A

2. febrúar 2023

8 kennrarar frá Hollandi í starfsspeglun í VMA.

Hópur átta kennara frá jafnmögum skólum í Hollandi komu hingað í starfsspeglanir í 6 greinum. Ásamt leiðsögn um skólann með Dagnýju alþjóðafulltrúa, sátu kennararnir tíma í ensku, efnafraði, kynjafræði, íþróttum, listnámi, á starfsbraut og fleira. Þá fengu þau kynningu í FabLab. Kennararnir voru mjög ánægðir með daginn. Upp úr þessu varð frekara samstarf en áætlað er að 3 starfsmenn frá VMA (Jóhanna, Annette og Anna María) heimsæki einn skólann á haustönn 2023 til að kynna sér móttöku erlendra nemenda þar í landi. Þá urðu tengsl milli Snorra kynjafræðikennara og samfélagsfræðagreinakennara úr hópnum.

4.1.B

Þri 25. Apríl

Kennaraheimsókn frá Þýskalandi.

Fimm kennrarar frá Biberach í Þýskalandi heimsóttu VMA. Þau eyddu vikunni í FNV á Sauðárkróki en komu hingað í einn dag til að kynnast VMA og byggja tengsl. Dagný Hulda tók þau í göngu um skólann, Árni sýndi þeim Fab-Labið. Það hittist þannig á að þau komu á námsmatsdegi svo þau gátu ekki setið tíma og hitt kennara en gott spjall náðist milli listnámskennara þaðan og héðan auk þess sem Jóhannes Árnason hitti hópinn. Þá hittu þau two nemendur sem eru að skoða sig um með nám úti í heimi. Seinnipartinn héldu þau í leiðsögn á Listasafninu og tveir kennarana (sem kenna leikskólaháskólafræði) kíktu í heimsókn á leikskólann Krógból til að kynnast íslenskum leikskóla. Þau hafa hug á að senda leikskólaháskólafræði til Akureyrar á næstu árum og bjóðast til að hafa milligöngu um okkar nemendur t.d. af listnámsbrautum – ef það hentar okkur. Við gætum líka skoðað að senda bóknámsnema þangað í nokkrar vikur (á þýsku) – þau hafa gert það áður og virðast vera til í allt.

4.1.C.

10. maí 2023

Skipuleggjandi: Dagný Hulda Valbergsdóttir – Kristjana og Daníel og nokkrir nemendur tóku einnig á móti.

3 nemendur og 1 kennari komu hingað frá Þýskalandi á Erasmus group mobility styrk frá Zeigner Schule í Dresden í Þýskalandi. Nemendurnir eru í námi í sérfræðiþekkingu á tryggingamálum. Þau komu og voru að gera rannsókn á íslenskri hamingju. Fengu að taka viðtöl við starfsfólk og nemendur í formlegum og óformlegum viðtölum – bæði á kaffistofu kennara í A álmú og í tímum. Kristjana og Daníel Freyr tóku vel á móti þeim og leyfðu þeim að vera með í umræðutínum.

4.1.D

Í október komu tveir kennrarar í starfsspeglun frá El Palo, Malaga á Spáni. Önnur kennir hársnyrtiiðn og hin snyrtifræði. Eru þetta kollegar og kunningjar Hörpu Birgis og Hildi Salínu á hárinu, kunningsskapur sem hefur komið upp úr Malagaferðum þeirra með útskriftarnema síðustu ár. Þær stoppuðu í VMA í þrjá daga að kynna sér aðstæður en skoðuðu einnig aðra skóla á suðurlandinu. Þær komu á Erasmus+ styrk frá eigin skóla.

Frétt: [Kennrarar frá El Palo í Malaga í heimsókn í VMA | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

4.1.E.

Í nóvembermánuði sótti Vala Húnborga tengslaráðstefnu í Drammen, Noregi í boði Rannís. Ráðstefnan var á vegum Erasmus+ og halddið af landsskrifstofu Erasmus í Noregi, systurstofnun Rannís. Yfirskrift ráðstefnunnar var “Collaborating for Success: Exploring Opportunities and Partnerships in a Nordic context” og markmið hennar þríþætt: Auka þáttöku og áhrif viðeigandi stofnana meðal “KA220” samstarfsaðila. Hvetja til þróunar verkefnahugmynda sem geta haft jákvæð áhrif þjóna sem

vettvangur fyrir tengslanet, skiptast á hugmyndum og upplifunum. Efni ráðstefnunnar var að efla tengsl norðurlandanna og leggja grunninn að samstarfsverkefnum þeirra á milli auk fræðslu um umsóknarferli og styrkjaframboð Erasmus+. Þátttakendur, sem fengu boð á ráðstefnuna, voru rétt um 40, auk fulltrúa landsskrifstofanna. Sjö gestir komu frá Danmörku, 12 frá Finnlandi, 14 frá Noregi, sex frá Svíþjóð auk tveggja þátttakenda frá Íslandi. Bakgrunnur þátttakenda er fjölbreyttur og á ólíkum sviðum, margir hafa einhverja reynslu af Erasmus+, hvort sem það eru samstarfsverkefni eins og við þekkjum eða nemenda- og starfsmannaskipti eins og tiðkast víða í skólum.

4.2. Móttaka nemenda í nám og þjálfun

4.2.A

Janúar 2023 – 5 vikur

Í janúar komu tveir leikskólaliðanemar frá SOSU Randers í Danmörku. Þær störfuðu á leikskólunum Kiðagili og Iðavelli. Starfið gekk ágætlega en þátttakendur fóru heim reynslunni ríkari - og fróðari um þeirra grein á Íslandi.

4.2.B

VMA tók á móti tveimur nemum frá Samiedu í Savonlinna í Finnlandi, en það samstarf varð til í gegnum DigitalVET4all, verkefni sem Haukur og Magni á rafinu voru þátttakendur í. Þetta voru systkini, hún var kokkanemi sem fór að vinna á Vitanum í átta vikur, hann var rafiðnnemi sem starfaði á FabLab hér innan veggja skólans. Á meðan þau voru hérna kom kennarinn þeirra að heimsækja þau og fylgjast með. Samstarfið gekk ágætlega og er sá skóli tilbúinn að hýsa nema frá okkur af matvælabrautum, verði áhugi fyrir því.

4.2.C

Í september komu þrír nemendur frá SOSU Randers þau Chris Christiansen sem starfaði á Lögmannshlíð og Tina Prang og Kinnie Steffensen sem störfuðu á Hlíð. Starfsnámið stór yfir í fimm vikur og gekk vel.

Frétt: <https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/i-starfsnami-a-akureyri>

5. Verkefni fjármagnað af uppbyggingarsjóði EES

BlendVET

BlendVET er fjármagnað af uppbyggingarsjóði EES og er samstarfsverkefni þriggja landa; Íslands, Slóveníu og Noregs. Meginvíðfangsefni BlendVET er að efla stafræna færni og þróa kennslufræðilegar lausnir til að innleiða blandað nám á verknámsbrautum. Verkefnið byggir á samstarfi milli verknámsskóla og háskóla í hverju landi fyrir sig og eru Háskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri fulltrúar Íslands í verkefninu.

Helga Jónasar tók fyrst þátt í verkefninu sem verkefnastjóri, en varð frá að hverfa vegna veikinda í mars '22. Dagný tók við hennar skyldum ásamt Höllu Hafbergs (sem sá um fjármálahlutann), fram í október 2022 þegar Jóhann Þorsteins tók við verkefnastjórn og kláraði hann verkefnið með sóma.

Teymi kennara í verkefninu eru af þremur deildum. Af byggingadeild eru Jóhann Þorsteins og Helgi Valur. Af listnámsbraut eru Helga Jónasar og Ína. Af hársnyrtibraut er Harpa Birgis og Hildur Salína.

Afurðir verkefnisins komust langt á árinu. Byggingadeild bjó til 360° kennslustofu, þar sem hægt er að ganga um stofuna og skoða hvernig vélbúnaður virkar og hægt er að skoða öryggismál með myndböndum sem þeir búa til á árinu. Listnámsbraut bjó annars vegar til myndbönd um uppsetningu



í íslenska vefstólinn, og um notkun Fab-Lab í kennslu. Hárgreiðslubrautin útbjó myndbönd sem má nota fyrir verklega heimavinnu hársnyrtinema.

5.A

Vinnufundur 2 af 3

16. - 22. Apríl

Celje, Slovénía

Jóhann Þorsteins, Helgi Valur af bygg. Harpa Birgis og Hildur Salína Ævars af hári, Helga Jónasar og Ína af listnáms.

Sex kennarar frá VMA ásamt þremur starfsmönnum Háskólags á Akureyri sóttu vinnufundi, skólaheimsóknir og ráðstefnu víðsvegar í Sloveníu. Vinnufundirnir gengur út á að finna leiðir til blandaðs náms og finna fjarnámsleiðir í verknámi. Hópurinn fór í heimsóknir í skóla sem voru að vinna í verkefninu. Fengu kynningu á verkefnum og útkomum sem hafa verið þróaðar. Sóttu einnig ráðstefnu á vegum CPI - Menntamálaráðuneytis Sloveníu. Voru með aðsetur í Ljubljana og ferðuðust þaðan til þriggja annarra borga.

Frétt: [VMA-kennarar í BlendVET verkefni í Sloveníu | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

Að lokum

Almanaksárið 2023 sendi VMA 37 Starfsmenn og 25 nemendur, alls 62 manns í ferðir erlendis á styrkjum frá Erasmus+, Nordplus og uppbyggingarsjóði EES, auk beinna styrkja frá Rannís. Ær það fækkun frá árinu 2022 þegar við sendum út 81 einstakling, en það ár var metár þar sem við vorum að klára ónotaða styrki frá Covid árunum.

Fulltrúar VMA fóru til alls 13 landa, Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs, Færeyja, Hollands, Belgíu, Írlands, Þýskalands, Eistlands, Slóveníu, Frakklands, Spánar og Ungverjalands.

Þá tók VMA á móti 44 kennurum og 10 nemendum í sambærilegum erindagjörðum, alls 54. Það er fækkun frá 164 einstaklingum frá árinu 2022. Það var einnig metár - verkefnastjóri tók á móti flestum sem vildu koma auk þess sem margir kennarar voru að klára samstarfsverkefni og taka þurfti á móti mörgum nemendum í samstarfsverkefnum á þeim tíma. Þá eru aðrar óformlegar heimsóknir hingað og erlendis ótaldar sem farnar eru utan þessara verkefna.

VMA tók á móti starfsfólki og nemendum frá 11 löndum. Danmörku, Finnlandi, Þýskalandi, Hollandi, Króatíu, Slóveníu, Eistlandi, Rúmeníu, Belgíu, Frakklandi og Spáni.

Almennt er mikil samstaða meðal starfsfólks og langflestir boðnir og búnir til að taka á móti eða aðstoða á annan hátt við móttöku þessara hópa. Kennarar bjóða inn í kennslustund, bjóða erlendum kollegum til sín í kaffi innan eða utan skólans, Hanna á bókasafninu hefur tekið marga hópa til sín, stuðningsfulltrúar hafa lóðsað hópa í gegnum D-álmuna jafnvel með engum fyrirvara, þjónustuliðar hafa oft aðstoðað ef þarf að hella upp á kaffi eða aðstoða við annað, starfsfólk Fab-Lab hefur tekið næstum hvern einasta hóp til sín í styrttri eða lengri leiðsögn eða tíma og jafnvel með litlum eða engum fyrirvara, og starfsfólk almennt ósérhlífið og ófeimið við að nýta persónuleg tengsl gestum okkar til góða. Erlend samstarfsverkefni og heimsóknir VMA hafa skilað miklu inn í kennslu, nám og ekki síst skólalíf nemenda okkar. Ljóst er að langflestir nemendur sem koma heim eftir styrttri eða lengri dvalir erlendis eflast í lífi, námi og/eða starfi við reynsluna. Það er ómetanleg reynsla fyrir okkur sem kjósum að búa í þessum hluta veraldar og sérstaklega fyrir unga fólkid okkar sem er að fóta sig í lífinu að víkka sjónadeildarhringinn á þennan hátt í þessu umhverfi. Verkefnin hafa haft jákvæð áhrif á skólann okkar í heild og stefnan er að halda þessu áfram og þá sérstaklega nýta nýju Erasmus aðildina okkar til góðs.